

SAMÞYKKT**um sorphreinsunargjald á Hellu árið 1987.**

1. gr.

Sorphreinsunargjald á Hellu fyrir hvern notanda sbr. 8. gr. samþykktar um sorphreinsun á Hellu frá 15. júlí 1987 skal fyrir árið 1987 vera kr. 2 745.

2. gr.

Ofangreind gjaldskrárákvörðun hreppsnefndar Rangárvallahrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálráðuneytið, 15. júlí 1987.

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson.

*Hrafn Pálsson.***SAMÞYKKT****um sorphreinsun á Hellu.**

1. gr.

Rangárvallahreppur annast eða býður út alla sorphreinsun á Hellu, samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphreinsunin fram undir yfirstjórn hreppsins og eftirliti heilbrigðisfulltrúa.

I. KAFLI

Hreinsun á sorpi frá íbúðarhúsnæði.

2. gr.

Sérhver eigandi íbúðar á Hellu er skyldur til þess að sjá svo um að við húseign hans sé sorpgeymsla gerð fyrir sorppoka.

Sorppoka skal koma fyrir í grind eða skáp, enda uppfylli nefndur búnaður ákvæði byggingar- og heilbrigðisreglugerðar. Sorpgeymslurnar skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og húseigendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun. Húseigendur skulu kosta kaup sorpgeymsluláta sinna, uppsetningu þeirra og viðhald.

3. gr.

Sorphirðumenn annast hreinsun á öllu sorpi sem er í pokum, einnig tilfallandi eðlilegum úrgangi, svo sem umbúðum af heimilistækjum og hlutum, sem rúmast illa í pokum, enda séu hlutir þessir auðveldir í meðförum fyrir einn mann.

4. gr.

Í sorppoka má setja algengt húsasorp, svo sem matarleyfar, umbúðir, ónýtan fatnað, blöð og pappír og affall af lóðum annað en mold, torf og grjót. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum sem hætta er á að skeri eða rífi pokana, skal pakkað inn eða gengið frá